

# Upplýsinga- og tæknimennt 8. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

8

## Lýsing

Megin viðfangsefnið eru að nemendur temji sér rétta fingrasetningu, auki leikni og hraða við vélritun, læri á ýmis forrit og vinni með margvíslega vefi. Grunnatriði í forritun verða skoðuð og haldið áfram að vinna með Google umhverfið s.s. ritvinnslu, glærugerð og tölvupósti.

## Kennsluáðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópverkefni, einstaklingsvinna, kannanir, efniskönnun og umræður.

## Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á forni símats. Metin verður vinna í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, verkefnaskil og kannanir.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

- \* Framúrskarandi
- ✓ Hæfni náð
- ◇ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

- A = Framúrskarandi
- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

### VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

### VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Beitt gagnrýnni hugsun við að veða og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

### VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

### VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. bekk - Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

## VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.